

85. fundur

Skólaráð 15. janúar 2020.

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Agnar Freyr fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Ýr og Árni skólastjórnendur.

Ritari er Árni.

Dagskrá:

- Flutningar í húsi
 - Viðgerðir á stofu
 - Viðgerðir á þaki
- Húsgögn í Vesturland.
- Geymsla foreldrafélags Fossó í Löngu vitleysu!
- Skýrsla á úttekt frá HER frá 19. desember.
- Önnur mál.

Flutningar innanhúss eru að klárast. Búið er að henda miklu sem ekki var not fyrir.

Í Löngu vitleysu, sem er geymsla í kjallara Meginlands, var tekið til, flestu þar inni hent en þó ekki öllu. FFF er með geymslu í Löngu vitleysu og var hún tæmd. Geymslan máluð og á að dúkleggja hana. Gert var við vegg í stofu 7.

Vesturland er komið í gagnið að nýju og stefnt að því að kaupa húsbúnað í miðrymi Vesturlands. Sófi á kaffistofu starfsfólks var settur í miðrymið.

Neðstaland fær Útland fyrir sig.

Spurt var hvort gera ætti meira í Austurlandi. Til dæmis eru múrskemmdir í stofu 8.

Senda þarf verkbeiðni til að gera við útiljósið við aðalinngang. Árni gerir það.

HER gerði úttekt á heimilisfræðistofu og íþróttasal 19. desember. Skólaráð vill að tekin verði sýni í heimilisfræðistofu en beiðni ráðsins um slíkt hefur ekki verið svarað. FFF býðst til að greiða fyrir sýnatökuna en fá það svo greitt frá SFS. Samþykkt að fá fund með Ámunda og Kristjáni hjá USK vegna sýnatökunnar. Ingibjörg Ýr fer í málið.

Önnur mál.

- 7. bekkur fer til Danmerkur í byrjun júní nk. Þetta er ferð á vegum foreldra nemenda með samþykki skólans. 95% foreldra í árganginum samþykktu í haust ferðina en örfáir foreldrar eru óánægðir með hana.
- Eftir jólaleyfi var starfsfólk skólans beðið um að svara spurningum um hvernig til tókst með jóladagskrána í desember. Flestir vilja ekki breyta fyrirkomulaginu.
- Battajólin tókust vel en spurning hvort eigi að skipta þeim, þ.e. að 1.-3. og 7. bekkur saman og 4.-6. bekkur saman. Skipulagið skoðað á næsta skólaári.
- Fulltrúar foreldra vilja að hliðinu inn á skólalóðina við hringtorgið verði lokað. Þeir eru hræddir við að nemendur verði fyrir slysi vegna bílaumferðar.
- Fljótlega á að auglýsa eftir umsjónarmanni skólans.
- Guðný stuðningsfulltrúi verður í námsleyfi næstu vikur. Auglýsa á eftir stuðningsfulltrúa í hennar stað.
- Næsti fundur verður 12. febrúar 2020.